

Alþingi
Erindi nr. P 131/1404
komudagur 19.4. 2005



Smiðjuvegur 11a
200 Kópavogur
Sími 535 5440
Fax 535 5450
Kt 671293-2589
www.islandsspil.is

Allsherjarnefnd Alþingis.

Kópavogur 19. apríl 2005.

Efni : Umsögn Íslandsspila (Íslenskra söfnunarkassa) um frumvarp til laga um happdrætti, 675. mál, heildarlög.

Íslandsspil þakka fyrir að fá frumvarpið til umsagnar og telur það jákvætt að lagaumhverfið á þessu sviði sé samræmt.

Íslandsspil hafa ekki athugasemdir við efni frumvarpsins, eins og það liggur fyrir. Íslandsspil gera hins vegar fyrirvara við það, ef ákveðið verður að ná þeim tekjum, sem falla niður með niðurfellingu einkaleyfisgjalds af happdrætti Háskóla Íslands, með álagningu leyfisgjalds á alla happdrættisstarfsemi í landinu. Íslandsspil hafa þó ekkert á móti því að jafnræðis sé gætt á milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu á peningaleikjamarkaðinum, en árétta að jafnræði verður þá að ríkja í öllu tilliti að því er varðar starfsumhverfi fyrirtækja á sama sviði.

Íslandsspil vísa jafnframt til þess að félagið er helsti fjárhagslegi bakhjarl Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og SÁÁ. Allur hagnaður af rekstri Íslandsspila skilar sér til samfélagsins í gegnum hið mikils metna starf félaganna þriggja. Auknar álögur af hálfu hins opinbera munu óhjákvæmilega koma niður á hagnaði Íslandsspila og um leið framlagi félagsins til eigenda sinna og þeirrar starfsemi sem fram fer á þeirra vegum.

Virðingarfyllst.
F.h. Íslandsspila

Magnús Snæbjörnsson
Framkvæmdastjóri.